

Dagur íslenskrar tungu

Frá því að ákveðið var að fæðingardagur [Jónasar Hallgrímssonar](#), 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert hefur [menntamálaráðuneyti](#) árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls. Hefur þessi dagur verið helgaður rækt við það í góðu samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga enda virðist dagur íslenskrar tungu hafa náð góðri föttestu í samfélaginu.

Hér með er hvatt til þess að landsmenn hugi nú, eins og undanfarin ár, að því að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að setja íslenskuna í öndvegi. Hægt er að minnast dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, ritunarsamkeppni, verðlaunum og viðurkenningum, handritasýningum, samkomum af ýmsum toga og tónlistarflutningi svo að fátt eitt sé nefnt.

Dæmi um viðburði undanfarin ár:

Leikskólar: Samverustund á sal í tilefni dagsins; unnið sérstaklega með íslenskt mál eina viku; rætt um skáldið Jónas Hallgrímsson; börnunum kenndar vísur og söngvar og búin til leikrit úr fátt ljóðum eða sögum Jónasar; haldinn sérstakur bókadagur; nemendur úr grunnskóla koma í heimsókn og lesa fyrir leikskólabörnin.

Grunnskólar: Stóra upplestrarkeppnin hefur hafist formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekkni yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp; ljóða- og smásagnakeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.

Framhaldsskólar: Rithöfundar koma í heimsókn og lesa upp; ljóðaupplestur undir handleiðslu íslenskukennara; sérstök verkefni í áföngum í íslensku; kórsöngur.

Bókasöfn: Upplestur úr bókum; handritasýningar; bókakynningar. **Íslensk fyrirtæki** hafa í auknum mæli gefið gaurm að degi íslenskrar tungu í kynningarstarfi og öðrum þáttum.

Háskólar og Íslensk málnefnd:

Fundur og samkomur.

Vefur dags íslenskrar tungu er:

www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/Menning/dit/. Þar er meðal annars [hugmyndabanki kennara](#) og upplýsingar um [Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) sem menntamálaráðherra afhendir árlega 16. nóvember.

Menntamálaráðuneyti hefur falið [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#) að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2007. Ef spurningar vakna er velkomið að hafa samband, annaðhvort í tölvupósti á agustath@hi.is eða í síma 552 8530. Einnig væri gagnlegt að heyra frá sem flestum um það sem stendur til að gera í tilefni dagsins.



Ráðherra opnar vef Skálholts

[Menntamálaráðherra](#) Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir heimsótti þann 15. október síðastliðinn Skálholt og opnaði ásamt Björgvini Sigurðssyni viðskiptaráðherra nýjan vef Skálholtsstaðar, [skalholt.is](#).



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra

Meðan á heimsókninni stóð skoðuðu ráðherrarnir fornlifauppgróftinn í Skálholti í fylgd Mjallar Snæsadóttur fornlifafræðings en fornlifafrannsókn hefur staðið þar yfir frá árinu 2002. Við þetta tækifæri var einnig afhent málverk eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur en málverkið er gjöf frá [Investment Banking Kaupþing](#) í London.



Aðgengi fyrir alla Fortíð metin – framtíð rædd

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, [menntamálaráðherra](#) setti þann 15. október síðastliðinn ráðstefnu um [landsaðgang](#) að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. [Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða](#) stóð fyrir ráðstefnunni sem bar heitið [Aðgengi fyrir alla: Fortíð metin – framtíð rædd](#).

Á ráðstefnunni var rætt um sögu landsaðgangs, notkun hans og reynslu bæði bókasafns- og upplýsingafræðinga og vísindamanna. Einnig var fjallað um varðveislu efnis og hvornig gera má eldra efni aðgengilegt notendum og er skýrslu tengda því efni að finna á vef menntamálaráðuneytis undir heitinu [Skýrsla um stöðu þekkingar og færni á langtímavarðveislu stafræns efnis](#). Í lok ráðstefnunnar var kynnt mótun nýrrar stefnu stjórnvalda um upplýsingasamfélagið og framtíðarsýn um aðgengi að rafrænum upplýsingum rædd.

Samningar um aðgang heillar þjóðar að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er einsdæmi í veröldinni og hefur gjörbreytt aðstöðu íslenskra fræðimanna til að iðka rannsóknir sínar. Á málþinginu talaði meðal annars fulltrúi [Elsevier](#) sem er einn þeirra útgefanda rafrænna gagna sem samið hefur verið við um landsaðgang. Í máli hans kom fram að notkun Íslendinga á [Science Direct](#), sem er gagnagrunnur á öllum fræðasviðum, hefur aukist um 54% árlega á tímabilinu 2001-2006. Notkunin er einnig að meðaltali tvisvar sinnum meiri á Íslandi en í öðrum löndum

þegar tekið hefur verið mið af íbúafjölda. Mest er sótt af greinum á sviði læknis- og tannlæknisfræði, landbúnaðar- og lífvísinda og jarðvísinda.

Maður brýnir mann Samskipti – Umhyggja – Samábyrgð

Árlegt málþing [Kennaraháskóla Íslands](#) um rannsóknir, nýbreytni og þróun í skólustarfi verður haldið dagana 18. og 19. október. Málþingið, sem nú er haldið í 11. sinn, stendur yfir frá kl. 14:00 – 17:00 báða dagana. Málþingið ber að þessu sinni yfirskriftina: [Maður brýnir mann: Samskipti – Umhyggja – Samábyrgð](#).

Málþingið er öllum opið þátttakendum að kostnaðarlausu. [Skráningarsíða](#) málþingsins er aðgengileg á vef KHÍ. Þar má einnig nálgast [dagskrá](#) málþingsins.

Aðalfyrirlesari er dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við [Háskólann á Akureyri](#). Fyrirlesturinn nefnir hann Umhyggjan á heima í öllum skólum: Hlutverk, viðfangsefni og sjálfsmynd kennara á 21. öld. Í fyrirlestri sínum mun hann meðal annars fjalla um breytingar á kröfum og viðhorfum til kennara og heldur því fram að umhyggja í starfi kennara sé fremur faglegt gildi en persónulegur eiginleiki einstaklinga.

Auk aðalfyrirlestrar eru styttri fyrirlestrar og fjölmargar málstofur báða dagana.

Samráðsaðilar KHÍ um málþingið eru:

[Menntamálaráðuneyti](#),
[Kennarasamband Íslands](#),
[Menntasvið Reykjavíkurborgar](#), [Heimili og skóli - Landssamtök foreldra](#) og [Þroskajálfafélag Íslands](#).

